

Fundur í Háskólaráði - aukafundur

Dags. 20.08.2026

Staður og tími: Teams 13.00

Málsnúmer: 2511039

Fulltrúar HB: Sólveig Hallsteinsdóttir, Helena Dögg Haraldsdóttir, Andrea Guðmundsdóttir, Erlendur Ingi Jónsson, Sigrún Lilja Einarsdóttir

Fulltrúar nemenda: Selma Klara Gunnarsdóttir, Sverrir Ingi Hilárius Garðarsson

Áheyrnaraðilar: Kasper Simo Kristensen, Lydíá Geirsdóttir

Fjarverandi: Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir, Haukur Logi Karlsson- staðgengill rektors stýrði fundinum.

Dagskrá:

1. Haukur Logi setur fundinn í fjarveru Ólínu
 - a. Lydíá, gæðastjóri, fer yfir hvers vegna þessi aukafundur Háskólaráðs er kallaður.
2. Rannsóknastjóri kynnir nýja rannsóknarstefnu og þróunarferlið, umræða
 - a. Kasper fer yfir stefnuna og skipulagið, hvað þarf að vera í lagi vegna gæðaeftirlits
 - b. Farið yfir þær breytingar hafa verið gerðar innanhúss, innleiðingar á nýjum samningum og fleiri
 - c. Farið yfir mikilvægar utanaðkomandi breytingar; QEF3, fjármögnunarlíkanið, OpenEU, stefna ríkisins um vísindi, tækniþróun og nýsköpun, Stefna um opin aðgang rannsókna
 - d. Farið yfir ferlið varðandi vinnu á nýju rannsóknarstefnunni
 - e. Lydíá óskar deildunum og rannsóknarstjóra til hamingju með stefnuna og að þetta mun nýtast skólanum vel í ytri og innri úttektum sem framundan eru.
 - f. Bókað í fundargerð að þessi kynning hafi fari fram.
 - g. Til máls tóku KSK, LG
3. Framkvæmdastjóri kennslu og þjónustu kynnir breytingar á handbókinni, umræða
 - a. Sólveig fer yfir þær breytingar sem gerðar voru við síðustu yfirferð á Handbók um nám og kennslu, í raun engar efnislegar breytingar eingöngu verið að skerpa á reglum um notkun gervigreindar og að viðurlög séu við broti á þeim reglum. Einnig er kafli um munnleg próf og framkvæmd þeirra endurorðaður og gerður hnitmiðaðri.
 - b. Engar athugasemdir og breytingar hafa því verið yfirfarnar og samþykktar. Uppfærð handbók verður birt á vef sem allra fyrst.
 - c. Til máls tók SH

Fundi slitið kl. 13.29

Fundarritari: Sólveig Hallsteinsdóttir